



Fornleifaskráning í Dalshverfi, Reykjanesbæ



Bjarni F. Einarsson
2024

Forsíðumyndin sýnir Stapagötuna ofan við skráningarsvæðið. Sjá má grjótgarð sem þverar leiðina sem engar skýringar eru á. (Fornleifar nr. 120:1. Horft mót V. Ljós. BFE 2024).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Reykjanesbæ/Kanon arkitekta
Sept. 2024

Inngangur

Að beiðni Kanon arkitekta kannaði Fornleifafræðistofan áður skráðar fornleifar og hugsanlega nýjar vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi í Dalshverfi, í Reykjanesbæ.

Ekki þótti ástæða til að fara í aðrar heimildir en fyrirbyggjandi fornleifaskrá frá 2005 (Bjarni F. Einarsson 2005) og Fornleifaskrá Reykjanesbæjar (Sandra Sif Einarisdóttir o.fl. 2008). Mæla þurfti fornleifarnar upp þar sem það hafði ekki verið gert 2005 og 2008.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 11. september síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 1) með staðsetningu fornleifa.

Fulltrúi verkkaupa var Anna Sóley Þorsteinsdóttir og Þorkell Magnússon hjá Kanon arkitektum.



Mynd 1. Hið kannaða svæði (dökkrauður rammi) með staðsetningu fornleifa.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins, en þær sem næstar eru, eru svokallaður Stóri-skjólgarður beint suður af deiliskipulagsreitnum sunnan við þjóðveginn (Brautina).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
119	Rúst	1	Byggingar	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn
120	Fornleið	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
133	Varða	1	Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
Samtals:		3				Meðaltal:	5	5		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minjar á deiliskipulagsreitnum. Hér er lagt mat á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdum var ábúð.

Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru 3 fornleifar mældar í tengslum við vettvangskönnunina, rúst (fjárhús?), fornleið og varða (sjá mynd 1 og fornleifaskrá). Rústin og fornleiðin hafa talsvert minja- og varðveislugildi, en varðan lítil gildi. Þeim er öllum ógnað af aukinni umferð fólks í stækkandi hverfi.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á ungum minjum miðast oft að því að kanna hvort þær standi ofan á eldri minjum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands ef ekki er hægt að komast hjá raski og stofnunin ákveður rannsóknaumfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Þrjár fornleifar eru á deiliskipulagsreitnum, tvær með talsvert minja- og varðveislugildi og einar með lág gildi. Líklega eru þær í einhverri hættu þegar framkvæmdir hefjast hvort sem hún sé bein eða óbein. Með óbeinni hættu er átt við frekari átroðning þegar fólki fjölgar á svæðinu.

Verði ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf hugsanlega mótvægisáðgerða við og þá einkum vegna rústarinnar. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Innri Njarðvíkur, Gullbringusýslu*. 3. áfangi. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2005.
Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.
 Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.
minjastofnun.is *Minjavefsjá*.
 Sandra Sif Einarisdóttir og Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*.
 Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2008.
 Örnefnasjá - Náttúrufræðistofnun. ornefnasja.lmi.is

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Hornafjörður Nr. 34:1–35:1.

Bls. 7

Fornleifaskrá

1

Auðkenni

119

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Núv. sveitarfél.

2200

Minjaheild

Jörð, núverandi

Innri-Njarðvík

Jörð 1847

verkefnanúmer

minj id

Sérheiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Heimsótt.

12.04.2005

GPS Staðsetning

E 328996 N 390470

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s.

-

Skekkja

5

Tegund

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Fjárhús

Verk

Rey 19 Dal 24

Fjöldi

1

Hættumat

Ábúð

Hætta

Talsverð

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Byggingar

Tímab. hætta

Mikil

Á kort?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

6

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

6

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Um 40 m suður af fornleið (fornleifar nr. 120), í grasi gróinni brekkurót.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

11 x 16 m (ASA - VNV). Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 2 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir.


Fimm hólf eru á rústinni (hólf A - E). Dyr eru á hólfum A, B og C til VNV. Dyrnar á hólfi C eru inn í hólf A. Á hólfi D eru dyr til SSV, en í hólfi E voru dyr ekki greinanlegar.

Veggir í hólfi A eru nær einvörðungu úr grjóti og breiðari en veggir hinna hólfa. Aðrir veggir eru vel grónir grasi og víða má sjá garðlög í hólfum B - D að innanverðu. Gólf eru öll vel gróin.

Hólf E virðist vera veigaminna mannvirki (eldra - ekki þak?).

Rústin var skoðuð aftur þann 11.9.2024 og var ástand óbreytt. Ný teikning.

Teikning/ljósmynd



Ljósmy



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia C2040zoom

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

2

Auðkenni

120

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Núv. sveitarfél.

2200

Minjaheild

Jörð, núverandi

Innri-Njarðvík

Jörð 1847

verkefnanúmer

minj id

Sérheiti

Stapagata

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Heimsótt.

24.5.2019

GPS Staðsetning

E 329577,6 N 390415,5

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

-

5

Tegund

Fornleið

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Dal 19 Dal 24

Fjöldi

1

Hættumat

Ábúð

Hætta

Talsverð

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

6

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

6

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Leiðin liggur frá Innri Njarðvík austur í átt að Vogum. Liggur hún yfir holt og hæðir, um 40 m N af fornleifum nr. 119.

Heimildir og munnmæli

Myndkort. Reykjanes 1:50 000. Loftmyndir ehf.

Lýsing

Fornleið.

Leiðin er víða um 2,5 m breið og allt að 0,5 - 0,6 m djúp. Þegar leiðin liggur frá Innri Njarðvík, hjá Kopu, skiftir hún sér í nokkrar leiðir. Liggur ein eða fleiri undir sjávarkambi. Eru þær líklega elstar. Þegar upp á hæðina er komið liggur leiðin í einni rás austur. Þó skiftir hún sér aftur þegar hún fer upp holtið þar sem tröurnar stóðu aðeins austar.

Leiðin er mjög falleg og gæti verið mjög forn, jafnvel eldri en 1550.

Leiðin er vörðuð sbr. fornleifar nr. 121, 128, 129, 133 og 134.

Leiðin hefur væntanlega legið frá kirkjustaðnum í Innri-Njarðvík að Vogum á Vatnsleysuströnd.

Sama gata og nr. 66.

GPS var mælt vestast, en hún heldur áfram í vestur og austur frá þeim hluta sem nú var mældur inn.

Leiðin var skoðuð aftur þann 11.9.2024 og var ástand óbreytt. Skammt vestur af vörðu nr. 133 lá grjóthleðsla þvert yfir götuna, en sást ekki annarsstaðar en í götunn. Hún var mæld inn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia, Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi leiðarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

3

Auðkenni

133

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Núv. sveitarfél.

2200

Minjaheild

Jörð, núverandi

Jörð 1847

verkefnanúmer

minj id

Sérheiti

Undirnr.

Innri Njarðvík

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Heimsótt.

25.10.2005

GPS Staðsetning

E 329137 N 390511

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

5

Tegund

Varða

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Rey 19 Dal 24

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Ábúð

Talsverð

Lélegt

1550-1900

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Um 3 m N af fornleið (nr. 120) og 4 m A af fallinni girðingu. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Um 1,8 - 2 m í þvermál og 0,4 m há. Úr grjóti.

Varðan er fallin.

Nokkuð af grjóti úr vörðunni er í kring um botninn.

Neðri hluti vörðunnar er vel grasi gróinn.

Varðan er nógu stór um sig til þess að geta hafa verið sundamerki auk þess sem hún varðaði fornleiðina.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar þarf að rannsaka hana með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.